

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 3. júní 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-53/2010.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 13. apríl sl. bað A um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa og uppsetningar á sjónvarpstæki, en skjár sjónvarpsins brotnaði og er það ónýtt. Álitsbeiðandi beinir kröfum að tveimur fyrirtækjum, B sem seldi honum tækið og C sem kom því fyrir á vegg. Álitsbeiðandi krefst þess að hann fái sams konar sjónvarp og hann keypti hjá B 12. mars 2010.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 14. apríl sl., óskaði kæruneftndin eftir upplýsingum frá álitsbeiðanda um það hvort hann gerði kröfur á hendur fyrirtækinu C auk B. Í tölvupósti frá 16. apríl kom fram hjá álitsbeiðanda að hann vildi gera kröfur á hendur báðum fyrirtækjunum og gaf kæruneftndin þeim kost á andsvörum með bréfi, dags. 20. apríl. Hinn 27. apríl bárust kæruneftndinni andsvör B og var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau með bréfi, dags. 5. maí. Andsvör frá C bárust 30. apríl og var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau með bréfi, dags. 5. maí. Athugasemdir við andsvörin bárust ekki. Með bréfi, dags. 26. maí sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðnina ritaði D bróðir álitsbeiðanda og kemur þar fram að álitsbeiðandi sé öryrki og í hjólastól. Samkvæmt reikningi fyrir kaupum á sjónvarpinu, dags. 12. mars 2010, er það af tegundinni E og kostaði ásamt veggfestingu og heimkeyrslu kr. 252.480. Tækið hafi verið látið standa á borði og virkað með ágætum. Álitsbeiðandi hafi fengið tvo rafvirkja frá C til þess að festa tækið á vegg. Þá hafi myndin dottið út og hafi tækið verið sent til seljanda til skoðunar. Við hana hafi komið í ljóst að skermurinn var brotinn. Seljandi telji að tækið hafi verið í fullkomnu lagi þegar álitsbeiðandi fékk það afhent og rafvirkjarnir kannist ekki við að neitt hafi verið að uppsetningu þess.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir eftirfarandi:

„Þann 12. mars kaupir A sjónvarpstæki og kaupir einnig heimkeyrslu og stillingu af okkur. Bílstjóri okkar fer með tækið til A, setur tækið upp og stillir og allt er eins og það á að vera. A ætlaði síðan að láta setja tækið upp á vegg en ætlaði að nota sína rafvirkja til þess þegar þeir hefðu tíma, síðan koma þeir eftir því sem A segir okkur og tækið er þá í gangi og allt í lagi. Síðan setja þeir festingu á bakið á tækinu og setja það síðan upp á

vegg en þá kemur engin mynd. Viðgerðarmaður á verkstæðinu fær síðan tækið til sín og sér strax að skjárinn er brotinn og óhugsandi að það komi mynd á tækið í þessu ástandi. Hans mat er að eitthvað hafi komið fyrir tækið þegar festingin var sett á bakið á tækinu.“

V

Andsvör C

Í andsvörum C segir eftirfarandi:

„Málavextir eru þeir að samkvæmt beiðni verkkaupa A komu undirritaður ásamt öðrum rafvirkja frá C til að vinna að uppsetningu flatskjár sem starfsmaður eða menn frá B höfðu komið með á staðinn. Í viðurvist A voru festingar festar upp á vegginn og áður en skjárinn var hengdur upp var lagt þykkt teppi á borð og skjárinn lagður niður á það til að losa fætur undan skjánum. Við neitum því alfarið að skjárinn hafi orðið fyrir einhverju hnjaski á meðan enda getur A staðfest það sjálfur en hann var á staðnum allan tímann og fylgdist með vinnubrögðunum. Að sögn D sem annast þetta mál fyrir hönd A hefur hann stutt þessa frásögn. Vísun við því alfarið á ábyrgð B í þessu máli.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda annars vegar og B og C hins vegar falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur álitsbeiðanda og B fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, en ágreiningur álitsbeiðanda og C undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Samkvæmt vottorði B kom sjónvarpið til viðgerðar 26. mars sl. eða um hálfum mánuði eftir að kaupin fóru fram. Í vottorðinu kemur fram að skjár sjónvarpsins hafi fengið á sig högg og var tækið dæmt ónýtt.

Fram kemur í álitsbeiðni að sjónvarpið hafi eftir að álitsbeiðandi fékk það afhent staðið á fæti og af frásögn álitsbeiðanda og seljanda verður ekki önnur ályktun dregin en sjónvarpið hafi verið í fullkomnu lagi á meðan svo var. Engin ástæða er til þess að draga þessa frásögn í efa enda yfirgnæfandi líkur á því að álitsbeiðandi myndi hafa kvartað við seljanda hefði ekkert sést í sjónvarpinu í upphafi og eða á þeim tíma þegar sjónvarpið var látið standa á fæti. Það er álit kærunefndarinnar að byggja verði samkvæmt framansögðu á því að seljandi hafi afhent álitsbeiðanda ógallaða vöru og eigi hann því ekki rétt á bótum frá seljanda.

Samkvæmt því sem fram kemur í álitsbeiðni og andmælum C óskaði álitsbeiðandi eftir því við fyrirtækið að rafvirkjar þess kæmu og festu sjónvarpið á vegg sem þeir og gerðu. Eftir því sem fram kemur í gögnum málsins virðist framgangur verksins hafa verið sá að festingar fyrir sjónvarpið voru settar á vegg. Sjónvarpið síðan lagt á teppi á borði á meðan fæturnir sem það stóð á voru teknir af, festingar settar á bakið á tækinu og það síðan sett á veggfestingarnar.

Í 1. málslíð 1. mgr. 19. gr. þjónustukaupalaga nr. 42/2000 segir að „seljandi þjónustu beri áhættu af tjóni, eða rýrnun, sem verður áður en hann skilar af sér verki nema hann sýni fram á að tjónið sé vegna atvika sem ekki eru á hans valdi.“

Í 1. mgr. 15. gr. laganna segir að „verði neytandi fyrir tjóni vegna gallaðrar þjónustu á hann rétt til skaðabóta nema seljandi þjónustunnar sýni fram á að gallinn verði ekki rakinn til vanrækslu hans.“

Þessar lagagreinar verða ekki skýrðar öðru vísi en svo að sé leitt í ljós að tjón hafi orðið við það verk sem seljandi þjónustu tekur að sér beri honum að bæta það nema því aðeins að hann sýni fram á að hann hafi ekki valdið tjóninu. Þetta þýðir að verkkaupinn ber ekki sönnunarbyrði fyrir því að verksali hafi valdið tjóninu heldur ber verksala að afsanna það. Hér er um að ræða svokallaða öfuga sönnunarbyrði, þ.e. að tjónþoli þarf ekki að sanna tjón sitt heldur verður meintur tjónvaldur að sanna að hann hafi ekki valdið tjóninu.

Kærunefndin álitur að byggja megi á því að sjónvarpið hafi verið í lagi, þ.e. óbrotið, þegar hafist var handa við að festa það á vegginn. Af því verður að draga þá ályktun að sjónvarpið hafi skemmst á þeim tíma er vinna við festingu þess stóð yfir og þar af leiði að C hafi valdið og beri ábyrgð á þeim skemmdum sem eru á sjónvarpinu þar sem sönnun um annað hefur ekki tekist, sbr. framangreindar lagagreinar.

Bótakrafa álitsbeiðanda er sú að hann fái afhent sams konar sjónvarp og hann keypti, þ.e. af gerðinni E. Álit kærunefndarinnar samkvæmt framansögðu er það að C beri að afhenda honum sjónvarp af þessari gerð eða sambærilegri sé ekki hægt að útvega sams konar sjónvarp og álitsbeiðandi keypti..

VII Álitsorð

C ber að afhenda álitsbeiðanda, A, sjónvarp af gerðinni E eða sambærilegri sé ekki hægt að útvega sams konar sjónvarp og álitsbeiðandi keypti..

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

